

Ályktun um Húsnæðismál

Einn grundvallarþátturinn í velferð launafólks og jöfnun lífskjara er húsnæði á viðráðanlegum kjörum í samræmi við efnahagslega getu fólks. Því er nauðsynlegt að byggt verði upp varanlegt og traust húsnæðiskerfi sem þjóni hagsmunum alls launafólks.

Sú endurskoðun sem átti sér stað í lok síðustu aldar hefur á engan hátt þjónað hagsmunum þeirra sem verst eru settir, en þá hækkuðu m.a. vextir af félagslegum íbúðarlánum, sem varð til þess að auka greiðslubyrði þessara lána um 50%. Öryrkjar, ellilífeyrisþegar og láglaunafólk hafa farið mjög illa út úr þessum breytingum og var þó vandi þeirra ærinn fyrir. Nauðsynlegt er að stjórnvöld viðurkenni og horfist í augu við þessi auknu vandamál sem skapast hafa í núverandi húsnæðiskerfi og komi með úrræði sem geri almennu launafólki kleift að komast yfir öruggt og gott húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort heldur er eigið húsnæði eða leiguhúsnæði.

Leiguíbúðakerfið

Mikill skortur á leiguhúsnæði hefur leitt til mikillar hækkunar á húsaleigu. Leigusalar hafa notfært sér þessa neyð fólks. Húsaleiguokur hefur eyðilagt efnahag fjölmargra fjölskyldna og til eru fjölmörg dæmi um einstaklinga og fjölskyldur sem eru nánast á vergangi. Þrátt fyrir fagrar yfirlýsingar af hálfu félagsmálaráðherra um sérstakt átak með byggingu leiguíbúða hefur lítið gerst. Í þokkabót eru þær tillögur sem fram eru komnar ekki sniðnar að fólki með lágar tekjur. Vextir á félagslegum lánnum til byggingar á leiguhúsnæði hafa hækkað mikið og hefur verið bent á að miðað við núverandi vaxtaskilyrði, þurfi húsaleiga á nýjum íbúðum að vera um 1500 kr. á fermetra til að standa undir kostnaði við húsnæðið.

Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á að:

- Teknir verði upp stofnstyrkir til leigufélaga á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka, þ.m.t. húsnæðissamvinnufélaga og lífeyrissjóða, einstaklinga eða fyrirtækja sem kjósa að kaupa, byggja, eiga og reka almennt eða sérhæft leiguhúsnæði.
- Vextir til byggingar leiguhúsnæðis lækki.
- Virkt eftirlit verði með húsnæði sem nýtur stofnstyrkja og niðurgreiddra vaxta, hvað varðar gæði, kostnað og húsaleigu.
- Fjármagn í leiguíbúðakerfinu verði aukið verulega á næstu árum.

Félagslega eignaríbúðakerfið

Í dag er það ekki á færi hvers sem er að byggja eða kaupa húsnæði, þar sem verð á húsnæði hefur í flestum tilvikum hækkað mjög mikið. Þá er einnig talsverður misbrestur á því hvort sveitarfélög veiti íbúum sínum möguleika á að taka full viðbótarlán. Í sumum sveitarfélögum eru viðbótarlán alls ekki í boði fyrir íbúa.

Starfsgreinasambandið harmar þær vaxtahækkningar sem hafa orðið í viðbótarlánakerfinu, en þær íþyngja mjög þeim hópi fólks sem þarf á viðbótarlánnum að halda.

Starfsgreinasamband Íslands leggur áherslu á að:

- Félaglega húsnæðiskerfið verði lagfært svo hægt verði að mæta vanda láglaunafólks með raunhæfum aðgerðum.
- Aðgengi að lágum vöxtum fyrir þá sem þessa þurfa með verði tryggðir.
- Félaglega húsnæðislánakerfið verði að fullu í forsjá ríkisins, en ekki að hluta á borði sveitarfélaga.
- Lánveitingar til húsnæðisöflunar verði háðar sömu skilyrðum án tillits til búsetu.
- Sveitarfélögin auki framboð á ódýrum lóðum svo hægt verði að byggja ódýrara húsnæði.
- Skilyrði um uppgreiðslu lána gildi eftir sölu eignar.